

Grundarfjarðarbær
Kristín Þorleifsdóttir
Borgarbraut 16
350 Grundarfjörður

Reykjavík, 14. desember 2023
UST202311-323/A.B.
10.04.02

Efni: : Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Grundarfjarðarbæjar 2019-2039 og nýtt deiliskipulag - Iðnaðar- og athafnasvæði vestan Kvernár

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Grundarfjarðarbæjar er barst 30. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breyting á aðalskipulagi Grundarfjarðarbæjar 2019-2039 og nýs deiliskipulags fyrir iðnaðar- og athafnasvæði vestan Kvernár

Í greinargerð kemur fram skipulagssvæðið verði stækkað úr 4,1 ha í 10,1 ha. Breytingin gengur út á að efnistökusvæði (E-3) verði fellt út og allt svæðið skilgreint sem iðnaðarsvæði (I-3), sem stækkar sem því nemur. Svæðið stækki einnig til vesturs þar sem efnistaka hefur farið lítillega út fyrir skilgreint efnistökusvæði inn á reit fyrir opið svæði (OP-5), sem minnkar sem því nemur.

Efnistökusvæði

Í greinargerð kemur fram að efnistökusvæði verði fellt út en einnig kemur fram að efni verði áfram tekið úr efnisnámu á vestur- og suðurhluta svæðisins í tengslum við landmótun fyrir nýjar lóðir. Stofnunin telur að skýrt þurfi að vera hvort áfram verði um efnistöku að ræða á svæðinu með öflunar efnis sem megintilgang, eða hvort eingöngu verði um að ræða framkvæmdir við undirbúning iðnaðarlóða.

Verndarsvæði

Að mati Umhverfisstofnunar þarf að fjalla um áhrif tillögunnar á verndarsvæði Breiðarfjarðar vegna nálægðar við verndarsvæðið. Umhverfisstofnun vill benda á lög nr. 54/1995 um vernd Breiðarfjarðar, en tilgangur þeirra er að stuðla að verndun Breiðarfjarðar, einkum landslags, jarðmyndanna, lífríkis og menningarmínja.

Auk þess er Breiðafjörður skilgreindur sem mikilvægt fuglasvæði og því mikilvægt að fjalla um svæðið og meta áhrif tillögunnar á það. Einnig þarf að fjalla um áhrif tillögunnar á vatnsverndarsvæðið vegna nálægðar við það.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að kröfur um hreinsun á fráveituvatni frá bæði dreifbýli og þéttbýli eru settar fram í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Umhverfisstofnun

telur það jákvætt að í deiliskipulagi verði gert ráð fyrir að ofanvatn verði meðhöndlað að hluta eða öllu leyti með blágrænum ofanvatnslausnum.

Umhverfisstofnun bendir á að huga þarf að áhrif tillögunnar á vatn í samræmi við lög um stjórn vatnamála og vatnaáætlun.

Starfsleyfi

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur, sem sótt er um starfsleyfi fyrir, vera í samræmi við skipulag. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fram komi með skýrum hætti í skipulagstillögunni hvar leyfilegt sé að vera með starfsemi sem er starfsleyfisskyld hjá Umhverfisstofnun, eða heilbrigðisnefnd, til að hægt sé að meta hvort starfsemin samræmist skipulagi, skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Hulda Soffía Jónasdóttir

sérfræðingur